

Nd.

67. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 42, 13. nóv. 1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð.

Flutningsm.: Jón Ólafsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Magnús Jónsson og Héðinn Valdimarsson.

Á eftir orðunum „Frekar en sjálfur vill“ í 16. gr. laga nr. 42, 13. nóv. 1903, komi: ef atvinnan er rekin undir nafni sjálfs hans.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Verzlunarmannafélagsins Merkúr, og fylgdi því svolátandi greinargerð:

Eftir núgildandi firmalögum er ekki skylda að skrásetja eins manns firma, enda munu flestir, er atvinnu ráku fyrir sig einan þá er lögin eru samín, hafa látið atvinnuna heita eftir sjálfs sin nafni.

En aftur á móti er það nú orðið mjög algengt að atvinna er rekin undir ýmsum nöfnum, bæði innlendum og erlendum, enda þótt aðeins sé einn eigandi, og hefir það oft komið fyrir, að erfitt hefir verið, bæði fyrir einstaklinga og það opinbera, að vita með vissu, hver væri hinn rétti eigandi slíkra fyrirtækja.

Oss þykir því bera nauðsyn til að bæta inn í lögin setningu þeirri, er hér með fylgir, til þess að gera fyrirtæki þau skrásetningarskyld, sem svo er ástatt um, er að framan greinir.